

Skýrsla hestamannafélagsins Blæs um æskulýðsstarf 2008.

Í æskulýðsnefnd árið 2008 eru Þórhalla Ágústsdóttir, Þórður Júlíusson, Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir, Pálína Ísaksdóttir, Heiðrún Þorsteinsdóttir og Gullveig Ösp Magnadóttir. Helstu þættir í skipulögðu starfi félagsins á árinu voru eftirfarandi:

1. **Hestakrakkar.** Í vetur skiptum við krakkahópnum okkar í tvennt eftir aldri og hittist eldri hópurinn annan hvern fimmtudag með Erlu Guðbjörgu leiðbeinanda sínum í félagshúsinu. Yngri hópurinn hittist líka annan hvern fimmtudag í félagshúsi og var Margrét Linda leiðbeinandi þeirra. Í þessari samveru er ýmis fræðsla tengd hestamennsku, skipulagðir reiðtúrar, krakkarnir fara í leiki, spila, fönndra og horfa á myndbönd. Síðastliðna vetur hafa verið leiðbeinendur á launum við krakkastarfið og hefur það gefist vel. Starfið hófst að þessu sinni í byrjun janúar og endaði með reiðtúr, leikjum í gerði og allsherjar gleði í lok maí. Ekkert sérstakt aldurstakmark er í starfinu en flestir þátttakendur eru á aldrinum 4-15 ára. Þessar samverustundir voru vel sóttar og hefur verið almenn ánægja með þær þar sem þær hafa eflt hópandann hjá krökkunum og eru góður stuðningur við reiðmennskuna.
2. **Reiðnámskeið.** Carola bauð upp á reiðnámskeið nokkrar helgar í vetur sem var ágætlega sótt.
3. **Æskulýðsdagar** voru haldnir 12.-13. júní. Æskulýðsdagar hafa nokkuð lengi verið árviss atburður í félaginu og á undanförunum árum hefur þátttakan sífellt verið að aukast. Í ár tóku 40 krakkar á aldrinum 4-18 ára þátt í æskulýðsdögum og hafa þeir aldrei verið fleiri. Reynir Atli Jónsson var leiðbeinandi og fórst það mjög vel úr hendi. Þó hestamennska og fræðsla tengd henni sé í fyrirrúmi á þessum dögum þá er ýmislegt fleira sér til gamans gert s.s. farið í sundferðir, leiki, sungið, haldnar kvöldvökur, farið í gönguferðir og grillað. Námskeið í leirhestagerð hjá Theu var á dagskrá að þessu sinni og vakti mikla lukku auk þess sem Anna Bella og Rósa Dögg sáu um myndlistartíma þar sem að sjálfsögðu var unnið með íslenska hestinn. Æskulýðsnefndin og félagar úr Blæ vinna mikla sjálfböðavinnu með leiðbeinendum t.d. þarf að flytja börnin í sund og á aðra viðburði sem fram fara utan hestasvæðis, sjá um matinn, vera með í reiðtúrum og gæta barnanna á nóttunni auk þess að sjá um allan undirbúning. Börnin dvelja á félagssvæðinu meðan á æskulýðsdögunum stendur, í tjöldum ef veður leyfir en annars í félagshúsi Blæs. Öllum krökkum sem geta útvegað sér reiðskjóta er heimil þátttaka í æskulýðsdögum og þátttökugjald er ekkert. Æskulýðsdögum er slitið á félagsmóti Blæs þar sem krakkarnir sýna fallega hópreið og fá viðurkenningu í lokin.
4. **Útreiðar.** Yfir vetrartímann er hópreið alla sunnudaga kl. 14. Félagið leggur áherslu á að hafa börn með í útreiðatúrum félagsins og eru þeir getuskiptir ef

þurfa þykir. Reiðvegamála hafa tekið stórstígum framförum í sveitarfélaginu og auðveldar það mjög þátttöku barna. Í útreiðartúrum er gjarnan lagt upp úr leikjum og söng og öðru sem hentar börnum og unglingum og allir hvattir til að hafa *Hestablæ* –söngkver félagsins, í vasanum.

5. **Mót.** Börn og unglingar tóku virkan þátt í mótum á vegum félagsins og einnig var ágæt þátttaka í mótm á vegum Freyfaxa. Nokkrir unglingar tóku þátt í Ístölti Austurlands og einn keppandi í barnaflokki var á Landsmóti á Hellu.
6. **Hestaferð.** Árleg þriggja daga helgarferð, þetta árið síðustu helgina í ágúst suður í Vöðlavík, Viðfjörð og Hellisfjörð, er vinsæl meðal krakkanna í Blæ. Þarna hverfur kynslóðabilið og unga fólkið kynnist sögunni og lífsháttum forfeðranna með því að upplifa ferðamáta þeirra, og kemst í nánari tengsl við náttúruna og óbeisluð öfl hennar með hestinum sínum. Þó ferðin henti ekki yngstu krökkunum eru dagleiðir miðaðar við að hægt sé að ríða einhestis sem hentar yngri þátttakendum vel. Að þessu sinni var mjög góð þátttaka hjá unglingunum sem eru virkur hópur í félagsstarfinu. Skemmtu þeir sér konunglega og prófuðu ýmislegt nýtt á hestunum sínum, æfðu sundreið í blíðunni, fetuðu einstigi á fjöllum, fóru í kappreiðar í fjörusandi og ýmislegt fleira.
7. **Ferð hestakrakka í Skagafjörð.** Í byrjun maí var farið á sýninguna Æskan og hesturinn í Svaðastaðahöll. Farið var með rútu og voru um 20 manns í hópnum. Í ferðinni var farið í heimsókn í Hóla, á hrossabú, í sund og margt fleira. Ferðin tókst mjög vel og var þátttakendum að kostnaðarlausu.
8. **Fjölskyldudagar.** Fjölskyldudagar eru orðnir fastur liður í starfsemi félagsins. Þeir heppnuðust mjög vel þetta árið og veðrið lék við þátttakendur sem héldu til í tjöldum á félagssvæðinu 19.-20. júlí. Þema daganna var „indíánar og kúrekar“ og voru margir skrautlegir karakterar á svæðinu. Á fjölskyldudögum skiptist á leikur og vinna þar sem sinnt er viðhaldi á félagssvæði, farið í ratleiki á hestum, grillað saman, haldin kvöldvaka, farið í boðreið og fleira gert til gagns og gamans. Í lok fjölskyldudaganna sáu eldri krakkarnir um að bjóða dönskum fótboltakrökkum á hestbak og sýndu mikla ábyrgð og öryggi við að hjálpa þeim óvönu.
9. **Gamlársreið.** Á gamlársgangi er farið í hópreið sem krakkarnir hafa gaman af að taka þátt í og skreyta gjarna bæði sig og reiðskjótana í tilefni dagsins.

Æskulýðsstarf Hestamannafélagsins Blæs hefur vaxið og dafnað undanfarin ár og höfum við góða von um að það eflist enn meir á komandi árum þar sem barneignir hafa verið mjög tíðar upp á síðkastið hjá félagsmönnum☺

Með bestu kveðju

Þórhalla Ágústsdóttir
Formaður æskulýðsnefndar Blæs